



Reykjavík, 22. nóvember 2018
VEL2017010027
343. fundur
AT/sf

Lagt fyrir fund velferðarráðs 12. desember 2018

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: *Staða framkvæmdar á tilraunaverkefninu Sveigjanleiki - frá barni til fullorðins*

Forsaga

Stefna Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2013-2023 var samþykkt í borgarstjórn 15. apríl 2014 ásamt aðgerðaáætlun. Ný aðgerðaáætlun var útgefin í júní 2016.

Í 2. kafla aðgerðaáætlunarinnar, sem fjallar um húsnæði, er vikið að nauðsyn þess að skoða möguleika á auknum sveigjanleika í þjónustutilboðum við upphaf fullorðinsára fatlaðra barna. Þar segir nánar:

Ólíkar þarfir notenda hafa í för með sér að laga þarf þjónustukerfið að mismunandi aðstæðum fólks. Raða má saman mismunandi þjónustuleiðum sem henta ólíkum notendum. Þannig er komið til móts við þjónustuþarfir hvers og eins með það að markmiði að byggja upp þjónustu sem virkar. Skoða þarf möguleika á auknum sveigjanleika í þjónustutilboðum við upphaf fullorðinsára fatlaðra barna í sólarhringsþjónustuþörf.

Aðgerð: Skoðaðir verði möguleikar á auknum sveigjanleika í þjónustutilboðum við upphaf fullorðinsára fatlaðra barna sem hafa þörf fyrir þjónustu allan sólarhringinn.

Tímaáætlun: 2017-2020.

Á fundi velferðarráðs 2. febrúar 2017 var samþykkt á grundvelli ofangreinds að setja á fót þriggja ára tilraunaverkefni til loka febrúar 2020. Verkefnið fólst í því að bjóða upp á aðstoð á heimili umönnunarþunga ungmenna fram yfir 18 ára aldur þannig að þeir gætu áfram búið á heimili sínu og álagi yrði jafnframt létt af fjölskyldunni. Allt að sex ungmennum yrði boðið að taka þátt í verkefninu og kostnaður yrði 200 mkr. á ári.

Eftirfarandi bókanir voru lagðar fram:

Velferðarráð fagnar þeim skrefum sem tekin eru í átt að sveigjanlegri þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum. Þau verkefni sem voru til umfjöllunar á fundi í dag þ.e. tilraunaverkefnið „frá barni til fullorðins“ og tillaga um Liðsaukann eru sannarlega skref í

þá átt og í samræmi við stefnumótun Reykjavíkur í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum.

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina lagði fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina samþykkir umrætt tilraunaverkefni „Sveigjanleiki í þjónustu – frá barni til fullorðins“ í ljósi þess að nú eru 14 einstaklingar í bið eftir sértæku búsetuúrræði og brýnt að létta á þeim biðlista og koma til móts við þjónustuþega og foreldra þeirra. Þetta verkefni mun gera það unnt að veita viðkomandi einstaklingum sólarhringsþjónustu meðan þeir búa enn í foreldrahúsum. Einnig er verkefnið liður í að auka sveigjanleika þjónustunnar við fatlað fólk og í því að viðurkenna ólíkar þarfir notenda ásamt því laga þjónustukerfi borgarinnar að mismunandi aðstæðum fólks.

Staða á framkvæmd verkefnisins

Reglur voru settar um verkefnið og auglýst eftir þátttakendum 1. mars 2017. Skilyrði fyrir þátttöku voru að einstaklingar þyrftu að vera 17-22 ára fatlaðir Reykvíkingar búsettir í foreldrahúsum og á bið eftir húsnæði. Að auki þyrftu ungmennin að vera metin í þörf fyrir sólarhringsþjónustu. Ráðgjafar á þjónustumiðstöðvum voru hvattir til að hafa samband við þá einstaklinga sem gætu verið mögulegir þátttakendur í verkefninu. Vinnuhópur var skipaður til að velja þáttakendur í verkefnið á grundvelli umsókna.

Fjórar umsóknir bárust frá einstaklingum þar sem þátttaka í verkefninu myndi létta verulega álagi af fjölskyldum þeirra. Öllum umsækjendum var því boðin þátttaka og allir fjórir þáðu boðið.

Fyrirkomulag samninga við þáttakendur er með sama hætti og við beingreiðslusamninga, en einnig er heimild til að greiða tíma vegna næturþjónustu. Sú þjónusta sem féll niður við undirritun samnings var félagsleg- og frekari liðveisla, heimaþjónusta og skammtímavistun. Val var um að halda stuðningsfjölskyldu ef það hefði verið vilji einstaklingsins.

Ákveðið var að deild gæða og rannsókna á skrifstofu velferðarsviðs gerði úttekt á verkefninu við upphaf og lok þess. Ákveðnum grunnupplýsingum var safnað sem áttu við áður en verkefnið hófst. Þar kom m.a. fram að þátttakendur voru með mismikla þjónustu en sá sem hafði minnstu þjónustuna fékk þjónustu nokkra daga í mánuði, en sá sem hafði mesta þjónustu var með þjónustu allan sólarhringinn úr mismunandi úrræðum. Allir þátttakendur fengu aukna þjónustu við inngöngu í verkefnið og því hefur betur verið komið til móts við þarfir þeirra og fjölskyldna þeirra en áður.

Við lok verkefnisins verður skoðað hvernig þjónustan hefur nýst þátttakendum og hvort markmið verkefnisins hafi náð fram að ganga gagnvart þeim.